

15. september 2015

Rekstur Reykjavíkurborgar er í þeirri stöðu að leita þarf allra leiða til hagræðingar. Þó stjórnkerfis- og lýðræðisráði fylgi ekki verulegur rekstrarkostnaður er samt sem áður til staðar svigrúm til að draga úr honum.

Langstærsti rekstrarkostnaðarliðurinn vegna ráðsins er nefndarlaun en þau eru ákvörðuð út frá flokkun ráðsins samkvæmt skiptingu fastanefnda í flokka í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Þessari flokkun er ætlað að endurspegla þá vinnu sem felst í setu í viðkomandi fastanefnd. Borgarfulltrúum og fyrstu varamönnum er ætlað að sitja í ákveðnum fjölda fastanefnda í ákveðnum flokkum, ellegar skerðast grunnlaun þeirra. Þeim fulltrúum í fastanefndum sem ekki eru borgarfulltrúar eða fyrstu varamenn er hins vegar greitt fyrir setuna í samræmi við þann flokk sem viðkomandi fastanefnd fellur í.

Frá því að hið nýja stjórnkerfis- og lýðræðisráð tók við af stjórnkerfisnefnd, sem var í flokki IV, hefur það verið í flokki I. Þó nýja ráðið fundi tíðar en stjórnkerfisnefnd, hafi fleiri verkefni á sínum höndum og ábyrgðarsvið þess sé vítt er staðreyndin engu að síður sú að stjórnkerfis- og lýðræðisráð fundar að jafnaði tvisvar í mánuði og þá tvo klukkutíma í senn, auk undirbúningsfunda fyrir hvern fund. Við stofnun ráðsins haustið 2014 var það ekki með fastan starfsmann og færa mátti rök fyrir því að það hafi haft í för með sér aukið álag á fulltrúa í ráðinu á meðan það var að móta sér sitt víðara hlutverk. Þau rök er þó augljóslega ekki lengur fyrir hendi þar sem nú hefur verið ráðinn erindreki gagnsæis og samráðs sem er fastur starfsmaður ráðsins.

Sanngjarnt verður því að teljast í ljósi fjárhagsstöðu borgarinnar að stjórnkerfis- og lýðræðisráð falli eftirleiðis í flokk II og greiðslur fyrir setu í því verði þannig þær sömu og fyrir setu í t.a.m. forsætisnefnd og mannréttindaráði.

Samkvæmt greiningu fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar hefur þessi breyting í för með sér að áætlaður launakostnaður nefndarmanna í stjórnkerfis- og lýðræðisráði lækkar um rúmar 3,5 milljónir (eða um 20%):

		Áætluð nefndarlaun.
Stjórnkerfis- og lýðræðisráð	Flokkur I	17.723.802
Stjórnkerfis- og lýðræðisráð	Flokkur II	14.178.978
Mismunur		-3.544.824